STEFNA KRABBAMEINSMIÐSTÖÐVAR LSH 2026-2031

Unnin í samvinnu hagaðila, stjórnar & stýrihóps
á tímabilinu febrúar-mars 2026


LANDSPÍTALI

STEFNUMÓTUNARVINNAN

Stefnumótunarvinna Krabbameinsmiðstöðvar fór fram á tímabilinu febrúar-mars 2026. Lögð var áhersla á að draga hagaðila að vinnunni og boðað var til vinnustofu þar sem saman komu stýrihópur vottunar, stjórn Krabbameinsmiðstöðvar, stjórn Miðstöðvar krabbameinsrannsókna, stjórnendur og starfsfólk krabbameinsþjónustu sem og fulltrúar sjúklinga. Þátttakendur fengu kynningu á Krabbameinsmiðstöð og ferli vottunar og voru svo leidd í umræður og hugmyndavinnu til að draga fram ljóst og skugga í núverandi starfi, mikilvægustu áherslur til framtíðar og sýn sína fyrir krabbameinsþjónustu til framtíðar.

Gögn fyrstu vinnustofunnar voru notuð sem grunnur að áframhaldandi vinnu stýrihóps vottunar og stjórnar Krabbameinsmiðstöðvar þar sem unnið var að því að skapa skýrleika um hlutverk, framtíðarsýn, stefnumarkandi áherslur og markmið Krabbameinsmiðstöðvar til næstu fimm ára. Í þeirri vinnu tóku einnig þátt fulltrúar sjúklinga sem gaf vinnunni aukna dýpt.

Fyrir vinnunni fóru Vigdís Hallgrímsdóttir, Hlíf Steingrímsdóttir og Halldóra Hálfdánardóttir en Lára Kristín Skúladóttir leiddi vinnustofur og vinnu við úrvinnslu afurða.











ÞJÓNUSTA
MARKM
Sjúklingurinn
Fjölskyldur fái góðan
MÆLIKV.
Á FERLIÐ
í forvörnum — greining — meðferð


ÞJÓNUSTA
MARKM

SPURNINGAR



Hvað erum við að gera á þessu ári sem
tengist vottun og hvernig tengist það
deginum í dag?


STARFSFÓLK
MARKMIÐ

KRABBAMEINSMIÐSTÖÐ

LANDSPÍTALI

HLUTVERK

Hlutverk Krabbameinsmiðstöðvar er að leiða og samhæfa krabbameinsþjónustu á landsvísu.

Markmiðið er að stuðla að heildstæðri, öruggri, tímanlegri og notendamiðaðri þjónustu með hagsmuni sjúklinga og aðstandenda og jafnt aðgengi að leiðarljósi.

Miðstöðin styður við þróun ferla og gæðastarfs og samþættir þjónustu og rannsóknir þannig að ný þekking nýtist til umbóta í þjónustu og meðferð.

Krabbameinsmiðstöð gegnir leiðandi hlutverki í rannsóknum, nýsköpun og stefnumótun til framtíðar og stuðlar að öflugu rannsóknarumhverfi, menntun og sérhæfingu heilbrigðisstarfsfólks.

Starfið byggir á þverfaglegu samstarfi og felur í sér fræðslu og valdeflingu sjúklinga og aðstandenda.

KRABBAMEINSMIÐSTÖÐ

LANDSPÍTALI

FRAMTÍÐARSÝN

Krabbameinsmiðstöð Landspítala er meðal fremstu krabbameinsmiðstöðva á Norðurlöndum, þar sem samfelld og einstaklingsmiðuð þjónusta, öflug þekkingarsköpun og nútímaleg umgjörð mynda eina heild.

Sjúklingar og aðstandendur upplifa öryggi, hlýju og virka þátttöku í eigin meðferð, hafa skýra sýn á ferlið framundan og njóta jafns aðgengis að þjónustu.

Krabbameinsmiðstöðin er leiðandi á sviði vísinda og nýsköpunar, byggir á öflugu alþjóðlegu samstarfi og samþættir krabbameinsþjónustu fyrir allt landið.

Hún er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem öflugt starfsfólk, virkt vísinda- og gæðastarf og stöðug þróun skila framúrskarandi árangri og bættum lífsgæðum sjúklinga.

BÆTT LIFUN & LÍFSGÆÐI
SAMANBURÐARHÆFNI VIÐ NORÐURLÖND

ÞJÓNUSTA ↔ ÞEKKING
TVÆR HLIÐAR Á SAMA KERFI

ÞRÓUN ÞJÓNUSTU

- Skýr ferli og ábyrgð
- Samfelld þjónusta
- Þverfagleg teymisvinna
- Samskipti, hlustun og virk þátttaka
- Forvarnir



ÞRÓUN ÞEKKINGAR

- Samþætting vísinda og klínískrar þjónustu
- Þátttaka sjúklinga í rannsóknum
- Miðlun þekkingar og sýnileiki
- Hvetjandi rannsóknarumhverfi

STARFSFÓLK

- Mönnun, hlutverk og ábyrgð
- Þekking, sérhæfing og nýting þekkingar
- Samvinna og menning
- Styðjandi starfsumhverfi

UMGJÖRÐ

- Stefnumótandi hlutverk og áhrif
- Uppbygging og þróun innviða
- Aðgengi og upptaka meðferða
- Rannsóknarinnviðir og samstarf
- Leiðandi stafrænar og gagnadrifnar lausnir
- Aðstaða sem styður samfellda og sveigjanlega þjónustu

ÞJÓNUSTA

Krabbameinsmiðstöð stuðlar að þróun samræmdrar og einstaklingsmiðaðrar krabbameinsþjónustu sem byggir á heildstæðri sýn á ferli sjúklingsins. Þverfagleg teymi vinna eftir gagnreyndum meðferðarferlum og stuðla að samfelldri þjónustu, gagnsæi og jöfnu aðgengi.
Sjúklingar og aðstandendur vita hvert skal leita, upplifa öryggi og traust og taka virkan þátt í eigin meðferð.
Krabbameinsmiðstöð vinnur markvisst að því að samþætting krabbameinsþjónustu á Íslandi skili bættri lifun og lífsgæðum og sé samanburðarhæf við það besta sem þekkist á Norðurlöndum.

Skýr ferli og ábyrgð

Við stuðlum að því að unnið sé eftir skýrum og gagnreyndum meðferðarferlum, með skýra ábyrgð, utanumhald og mælingar, þannig að þjónustan sé samræmd, einstaklingsmiðuð og í stöðugri þróun.

Samfelld þjónusta

Við stuðlum að samfelldri þjónustu, skýrleika og góðu aðgengi í gegnum heildarferlið, þannig að sjúklingurinn viti hvert hann á að leita, þekki teymið sitt og upplifi öryggi og traust.

Þverfagleg teymisvinna

Við byggjum á þverfaglegri teymisvinnu í kringum þarfir sjúklingsins með skýru upplýsingaflæði og samnýtingu þekkingar allra starfsstétta, þar sem ríkir traust, virðing og jöfnuður og sameiginleg ábyrgð á hag og upplifun sjúklings.

Samskipti, hlustun og virk þátttaka

Við stuðlum að því að sjúklingar og aðstandendur fái tímanleg, hlý og fagleg samtöl, virka hlustun, skýra upplýsingagjöf og aðgengi að stuðningi og fræðslu, þannig að þau geti tekið virkan þátt í eigin meðferð.

Forvarnir

Við tryggjum yfirsýn yfir forvarnir, tölum fyrir gagnreyndum forvörnum á öllum stigum og vinnum markvisst að því að draga úr nýgengi, endurkomu sjúkdóms og síðbúnum afleiðingum krabbameina.

ÞEKKING

Krabbameinsmiðstöð byggir á öflugri þekkingu þar sem vísindastarf og klínísk þjónusta eru samþætt í daglegu starfi. Ný þekking er markvisst nýtt, þróuð áfram og innleidd í meðferð.
Hvetjandi rannsóknarumhverfi og þátttaka sjúklinga í rannsóknum skilar sér í bættri þjónustu, upplifun og útkomu sjúklinga auk þess að laða að hæft starfsfólk.
Krabbameinsmiðstöð ætlar að vera í fremstu röð á Íslandi hvað varðar árangur af vísindastarfi, þar sem öflug þekkingarsköpun skilar sér í mælanlegum árangri og bættri þjónustu við sjúklinga.



Samþætting vísinda og klínískrar þjónustu

Vísindi, rannsóknir og klínísk þjónusta eru samtvinnuð í daglegu starfi þannig að ný þekking er markvisst nýtt og þróuð áfram og skilar sér hratt í bættri þjónustu og upplifun sjúklinga.



Þátttaka sjúklinga í rannsóknum

Sjúklingar taka virkan þátt í rannsóknum og þekkingarsköpun sem hluta af sinni meðferð.



Miðlun þekkingar og sýnileiki

Þekkingu og árangri vísindastarfs er miðlað á skýran og aðgengilegan hátt til samfélagsins.



Hvetjandi rannsóknarumhverfi

Krabbameinsmiðstöð stuðlar að öflugu rannsóknarumhverfi þar sem skýr yfirsýn, virkt samstarf og aðgengi að tíma, fjármagni og aðstöðu skapa aðstæður til öflugrar þekkingarsköpunar og framþróunar.

UMGJÖRÐ

Krabbameinsmiðstöð skapar umgjörð og stefnu fyrir samræmda uppbyggingu innviða, jafnt aðgengi, þróun stafrænna lausna og vísindastarf, þar sem þjónusta, vísindi og framþróun vinna saman sem ein heild.

Stefnumótandi hlutverk og áhrif

Krabbameinsmiðstöð leiðir samtal við yfirvöld og aðra lykilaðila og mótar langtímaþróun krabbameinsþjónustu á Íslandi.

Uppbygging og þróun innviða

Krabbameinsmiðstöð beitir sér fyrir markvissri uppbyggingu innviða, fjármögnunar og skipulags þannig að þjónusta og meðferð haldist í fremstu röð og innan viðmiða.

Aðgengi og upptaka meðferða

Krabbameinsmiðstöð beitir sér fyrir því að nýjar meðferðir séu teknar upp tímanlega og að aðgengi að meðferð sé í samræmi við þörf og fagleg viðmið.

Aðstaða sem styður samfellda og sveigjanlega þjónustu

Krabbameinsmiðstöð stuðlar að því að aðstaða og umhverfi styðji þarfir sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks.

Leiðandi stafrænar og gagnadrifnar lausnir

Krabbameinsmiðstöð leiðir þróun og nýtingu stafrænna lausna og gagna sem styðja við samfellu í þjónustu, bæta ákvarðanatöku og efla gæði og árangur.

Rannsóknarinnviðir og samstarf

Krabbameinsmiðstöð beitir sér markvisst fyrir uppbyggingu innviða, fjármögnunar og samstarfs sem gerir öflugt og samkeppnishæft vísinda- og rannsóknastarf mögulegt.

STARFSFÓLK

Krabbameinsmiðstöð beitir sér fyrir því að byggja upp eftirsóknarvert og styðjandi starfsumhverfi. Mönnun, skýr ábyrgð og markviss þróun hæfni og þekkingar skapa grunn að árangursríkri þverfaglegri teymisvinnu. Þar ríkir traust, virðing og jöfnuður. Starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð, hefur áhrif á gæði þjónustunnar og upplifun sjúklinga og aðstandenda.

Mönnun, hlutverk og ábyrgð

Krabbameinsmiðstöð beitir sér fyrir því að mönnun í krabbameinsþjónustu sé í samræmi við þjónustuþörf og að skýr hlutverk og ábyrgð séu til staðar. Með mönnunarmódelum og yfirsýn yfir hæfni og þekkingu er tryggt að rétt fagþekking sé á réttum stað og að sérhæfing starfsfólks nýtist sem best í þjónustu við sjúklinga.

Þekking, sérhæfing og nýting þekkingar

Starfsfólk fær markvissan stuðning til sí- og endurmenntunar og þróunar í starfi, þar á meðal með þátttöku í vísindastarfi og nýsköpun. Virkt samstarf við innlendar og erlendar miðstöðvar tryggir aðgengi að nýjustu þekkingu sem nýtist beint í klínísku starfi.

Samvinna og menning

Starfsfólk vinnur í þverfaglegum teymum með þarfir sjúklinga að leiðarljósi. Sameiginleg sýn, traust, virðing, jöfnuður og skýr samskipti skapa grunn að árangursríkri samvinnu, þar sem allir sem koma að þjónustu upplifa sig sem hluta af Krabbameinsmiðstöð.

Styðjandi starfsumhverfi

Krabbameinsmiðstöð er eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og heldur í hæft starfsfólk. Unnið er markvisst að því að skapa aðstæður sem styðja við fagmennsku, vellíðan og öruggt starfsumhverfi þannig að starfsfólk geti sinnt starfi sínu af gæðum og metnaði.

11 Áherslur Krabbameinsmiðstöðvar 2026-2031

ÞJÓNUSTA

Krabbameinsmiðstöð stuðlar að þróun samræmdrar og einstaklingsmiðaðrar krabbameinsþjónustu sem byggir á heildstæðri sýn á ferli sjúklingsins. Þverfagleg teymi vinna eftir gagnreyndum meðferðarferlum og stuðla að samfelldri þjónustu, gagnsæi og jöfnu aðgengi.

Sjúklingar og aðstandendur vita hvert skal leita, upplifa öryggi og traust og taka virkan þátt í eigin meðferð.

Krabbameinsmiðstöð vinnur markvisst að því að samþætting krabbameinsþjónustu á Íslandi skili bættri lifun og lífsgæðum og sé samanburðarhæf við það besta sem þekkist á Norðurlöndum.

- **Skýr ferli og ábyrgð**
- **Samfelld þjónusta**
- **Þverfagleg teymisvinna**
- **Samskipti, hlustun og virk þátttaka**
- **Forvarnir**

ÞEKKING

Krabbameinsmiðstöð byggir á öflugri þekkingu þar sem vísindastarf og klínísk þjónusta eru samþætt í daglegu starfi. Ný þekking er markvisst nýtt, þróuð áfram og innleidd í meðferð.

Hvetjandi rannsóknarumhverfi og þátttaka sjúklinga í rannsóknum skilar sér í bættri þjónustu, upplifun og útkomu sjúklinga auk þess að laða að hæft starfsfólk.

Krabbameinsmiðstöð ætlar að vera í fremstu röð á Íslandi hvað varðar árangur af vísindastarfi, þar sem öflug þekkingarsköpun skilar sér í mælanlegum árangri og bættri þjónustu við sjúklinga.

- **Samþætting vísinda og klínískrar þjónustu**
- **Þátttaka sjúklinga í rannsóknum**
- **Miðlun og nýting þekkingar**
- **Hvetjandi rannsóknarumhverfi**

UMGJÖRÐ

Krabbameinsmiðstöð skapar umgjörð og stefnu fyrir samræmda uppbyggingu innviða, jafnt aðgengi, þróun stafrænna lausna og vísindastarf, þar sem þjónusta, vísindi og framþróun vinna saman sem ein heild.

- **Stefnumótandi hlutverk og áhrif**
- **Uppbygging og þróun innviða**
- **Aðgengi og upptaka meðferða**
- **Aðstaða sem styður samfellda og sveigjanlega þjónustu**
- **Leiðandi stafrænar og gagnadrifnar lausnir**
- **Rannsóknarinnviðir og samstarf**

STARFSFÓLK

Krabbameinsmiðstöð beitir sér fyrir því að byggja upp eftirsóknarvert og styðjandi starfsumhverfi. Mönnun, skýr ábyrgð og markviss þróun hæfni og þekkingar skapa grunn að árangursríkri þverfaglegri teymisvinnu. Þar ríkir traust, virðing og jöfnuður. Starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð, hefur áhrif á gæði þjónustunnar og upplifun sjúklinga og aðstandenda.

- **Mönnun, hlutverk og ábyrgð**
- **Þekking, sérhæfing og nýting þekkingar**
- **Samvinna og menning**
- **Styðjandi starfsumhverfi**